

GJALDSKRÁ

um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1995

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1995.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 52.000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, sbr. 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir fyrir árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 29. desember 1994.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

29. desember 1994

Nr. 697

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Garðabæ árið 1995.

1. gr.

Af öllu íbúðarhúsnæði í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virt er fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1995.

2. gr.

Eigendur annarra fasteigna sem virtar eru fasteignamati og ekki annast sorphirðu sjálfir fá sérmerкта sorppoka gegn gjaldi sem er kr. 130,00 á poka og innifelur það kostnað við sorphirðu.

3. gr.

Sorphirðugjald á aðrar fasteignir fellur niður enda annast eigendur sjálfir alla hreinsun og eyðingu sorps.

4. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6.200.